

**Frodl gegn Austurríki**

**Dómur frá 8. apríl 2010**

**Mál nr. 20201/04**

**3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga**

*Refsing. Svipting kosningaréttar.*

**1. Málsatvik**

Kærandi, Helmut Frodl, er austurrískur ríkisborgari fæddur 1957. Hann afplánar nú fangelsisdóm í Garsten-fangelsinu í Austurríki vegna manndráps sem hann var dæmdur fyrir árið 1993. Í kjölfar sakfellingarinnar var hann tekinn út af kjörskrá í samræmi við austurrísk lög. Í október 2002 lagði hann fram kvörtun til kjörstjórnar og vísaði til þess að ólöglegt væri að taka hann út af kjörskrá. Kjörstjórn vísaði málinu frá með vísan til ákvæða kosningalaga um að fangar sem afplánuðu lengri fangelsisdóm en eitt ár misstu tímabundið kosningarétt. Kærandi kærði til yfirkjörstjórnar sem hafnaði kröfu hans með vísan til þess að það væri ekki hlutverk kjörstjórna að taka afstöðu til þess hvort umrædd lög brytu í bága við stjórnarskrá.

Kærandi krafðist þess að leggja málið fyrir stjórnlagadómstól landsins. Með ákvörðun dómstólsins í desember 2003 var kröfu hans synjað með vísan til þess að ólíklegt væri að kröfur hans næðu fram að ganga. Vísaði dómstóllinn í því sambandi til dóms síns frá nóvember sama ár um að umrædd lagaákvæði brytu ekki í bága við stjórnarskrána.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

**Kæran**

Kærandi byggði á því að með því að taka hann af kjörskrá væri brotið í bága við rétt hans til frjálsra kosninga samkvæmt 3. gr. samningsviðauka 1.

**Niðurstaða**

Dómstóllinn vísaði til mikilvægis 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann og minnti á að í reglunni fælist ein grundvallarregla hvers lýðræðislegs þjóðfélags. Hún væri þó ekki ófrávikjanleg og aðildarríkin hefðu ákveðið svigrúm til að ákveða takmörkun á réttinum sem í henni fælist. Dómstóllinn tæki til skoðunar hvort skilyrði takmörkunar væru uppfyllt og hvort tryggt væri að kjarni þess sem ákvæðinu væri ætlað að tryggja væri ekki skertur. Sérstaklega þyrfti að hafa í huga að takmarkanir hindruðu ekki að álit almennings kæmi fram í kosningum. Tryggja þyrfti fyrirkomulag sem endurspeglaði áreiðanlegar og skilvirkar kosningar með það markmið að greina vilja meginþorra almennings. Öll frávik frá meginreglunni um almennar kosningar væru til þess fallin að grafa undan lýðræðislegri stöðu löggjafans og þar með lögin sem frá honum stafa. Í samræmi við þetta þyrfti útilokun eins hóps eða flokks fólks að samræmast 3. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn benti á að fangar nytu almennt allra þeirra réttinda sem tryggð væru með sáttmálanum ef frá væri talinn rétturinn til frelsis og mannhelgi samkvæmt 5. gr. sem heimilaði lögmæta gæslu. Dómstóllinn vísaði til fyrri dóms síns þar sem hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að breska ríkið hefði brotið 3. gr. 1. viðauka með því að svipta fanga kosningarétti (*Hirst gegn Bretlandi, mál nr. 74025/01*). Í því máli hafði dómstóllinn tilgreint þau skilyrði sem yrðu að vera uppfyllt þegar aðildarríki takmörkuðu kosningarétt fanga. Þau væru þrjú, þ.e. að svipting kosningaréttar ætti aðeins við um þröngt afmarkaðan hóp afbrotamanna sem afplánuðu lengri dóma, að það væru bein tengsl milli ástæðna þess að viðkomandi fangi hefði verið sakfelldur og sviptingar kosningaréttar og að slík svipting byggði að meginsteftu á ákvörðun dómara sem tekin væri í kjölfar málsmeðferðar fyrir dómi.

Í málinu sem hér um ræðir hafði svipting kosningaréttar það markmið að koma í veg fyrir afbrot með því að refsast þeim sem gerðust sekir um slíkt og að efla borgaralega ábyrgð og

virðingu fyrir lögum. Dómstóllinn gat ekki séð að þessi markmið sem slík væru ósamræmanleg sáttmálanum. Hann féllst einnig á það að ákvæði austurrískra laga um sviptingu kosningaréttar væru þrengra afmörkuð en lagaákvæðin sem til skoðunar voru í áðurgreindu máli gegn Bretlandi. Á það bæri hins vegar að líta að ákvæði austurrísku laganna uppfylltu ekki öll þau skilyrði sem dómstóllinn vísaði til í því máli. Á það vantaði að ákvarðað yrði um sviptingu kosningaréttar með úrskurði dómara að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni og að bein tengsl þyrftu að vera milli ástæðna sakfellingar og sviptingar kosningaréttar. Markmið þessara skilyrða væri að tryggja að einungis í undantekningartilvikum yrðu einstaklingar, fangar sem aðrir, sviptir kosningarétti sínum. Það varð því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. gr. 1. viðauka

Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 5.000 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði sératkvæði.